



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Leikskólinn Engjaborg

2019 – 2020



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans: „Kennum gott með góðu“	3
1 Greinargerð leikskólastjóra	3
2.1 Innra mat Vesturengi.....	4
2.2 Innra mat Norðurengi.....	6
2.3 Innra mat Austurengi.....	8
2.4 Innra mat Suðurengi.....	10
3. Ytra mat 3.1 Foreldrakönnun	12
3.2 Starfsmannakönnun	13
4. Starfsþróun og símenntun.....	14
5. Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	14
Samstarf 2018 – 2019 Vættaskóli Engi – Engjaborg - Brosbær.....	15
6. Foreldrasamvinna.....	17
7. Skipulagsdagar og leikskóladagatal	17
8. Fylgigögn.....	17
a. Fylgiskjal 1 - Samantekt um sérkennslu/stuðning	17
b. Fylgiskjal 2 - Skipulagt starf vegna barna með annað móturmál en íslensku.....	17
c. Fylgiskjal 3 - Matsáætlun 2019 -2020.....	17
d. Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs	17



Leiðarljós leikskólans: „Kennum gott með góðu“

1 Greinargerð leikskólastjóra

Í upphafi leikskólaársins var ákveðið að skoða uppeldisstefnu Engjaborgar í kjölinn. Út frá því var farið í að endurskoða gildi Engjaborgar og finna ný sem myndu endurspeglast í öllu starfi. Eftir samræður starfsfólks og ígrundun voru gildin **Vellíðan – Virðing – Sköpun** fyrir valinu, með þau gildi verður unnið enn frekar á næsta leikskólaári. Jafnframt var ákveðið að skoða hugmyndafræði Reggio Emilia betur og finna leiðir til að innleiða áherslur og vinnubrögð hugmyndafræðinni sú vegferð er hafin og mun hún halda áfram.

Svava Björg Mörk leikskólaráðgjafi var með handleiðslu og ráðgjöf til deildarstjóra til að styrkja þá sem faglega leiðtoga, jafnframt var hún með fyrirlestra fyrir starfsfólk á starfsdögum og starfsmannafundum, þeir fyrirlestrar voru um hugmyndafræði Reggio, skráningar og heilabroska barna.

Í vor fór flest allt starfsfólk Engjaborgar í námsferð til Brighthon. Þar var sóttur fyrirlestur um sköpun og skapandi starf í leikskólum og leikskólar heimsóttir, þessi ferð hefur nú þegar skilað ýmsu inn í starf leikskólans og margar hugmyndir eru „í pípunum“ og verða framkvæmdar á næstu mánuðum.

Á næsta leikskólaári munum við hefja innleiðingu á Menntastefnu Reykjavíkurborgar „Látum draumana rætast“ sú stefna fellur vel að starfi í Engjaborg og þeim hugmyndum sem upp eru um þróun starfsins.

Í Engjaborg verður hugað sérstaklega að sjálfsefningu næsta leikskólaár og þá sérstaklega að því að finna leiðir til að börn öðlist trú á eigin getu, þekki styrkleika sína, læri að taka sjálfstæðar ákvarðanir og að lifa í sátt við sjálf sig og aðra. Farið verður yfir dagskipulagið með þetta í huga, flæðið þróað og áhersla á skráningar sem sýna styrkleika og áhugasvið barna. Endurskoða þarf „Skólanámskrá Engjaborgar“ og innleiða gildin í starfið.

Engjaborg mun vinna, ásamt þremur öðrum leikskólum, að myndböndum fyrir starfsfólk þar sem fram koma góðir starfshættir í leikskóla. Það verkefni heitir „Allir blómstra“ og vísar til þess að í leikskólanum eiga öll börn og allir starfsmenn að fá tækifæri til þess að eflast sem einstaklingar. Engjaborg mun einnig taka þátt ásamt Vættaskóla, Gufunesbæ og skrifstofu Skóla- og frístundasviðs í þróunarstarfi um samþættingu á innra og ytra mati í leikskólum, grunnskólum og frístund.



2.1 Innra mat Vesturengi

Hvað var metið : **Orðaspjall**

Hvenær : veturinn 2018 – 2019

Hvernig var metið : Skráningarblað fyrir sögustundir með brúðum og Orðaspjalli.

Hverjir tóku þátt í matinu : deildarstjóri og starfsmenn

Helstu niðurstöður : Gekk vel en ekki fengu allir hópar að hlusta á sömu sögu.

Umbætur : **Skipuleggja þetta betur s.s. velja eina bók í hverri viku og passa upp á það að hún verði lesin fyrir alla og valið orð útskýrt vel.**

Hvað var metið : **Sögustundir með brúðum**

Hvenær : veturinn 2018 – 2019

Hvernig var metið : á deildarfundum og ígrundunarhópum og með skráningum

Hverjir tóku þátt í matinu : Börn og starfsfólk deildar

Helstu niðurstöður : við byrjuðum í sögustundum með brúðum eftir áramót. Þetta gekk vel og vakti mikinn áhuga hjá börnum sem endurspegladist í þeirra leikjum.

Umbætur : **Byrja í þessum stundum strax í byrjun skólaársins og leyfa þeim að búa til sínar brúður. Finna svæði til þess.**

Hvað var metið : **Skólaverkefnabók**

Hvenær : fyrir áramót og í loks skólaársins

Hvernig var metið : Á deildarfundum og ígrundunarhópum

Hverjir tóku þátt í matinu : deildarstjóri og börnin

Helstu niðurstöður : Flestum börnunum fannst þetta frekar áhugavert verkefni og vildu gera þetta

Umbætur : **Bjóða næst upp á tvö verkefni og leyfa þeim að velja.**

Hvað var metið : **Myndlist**

Hvenær : veturinn 2018 – 2019

Hvernig var metið : á deildarfundum og ígrundunarhópum

Hverjir tóku þátt í matinu : deildarstjóri, starfsmenn og börn

Helstu niðurstöður : börnin sýndu mikinn áhuga fyrir sköpun og list sem fór oftast fram inni á deildinni. Börnin höfðu aðgengi að efni til myndlist í daglegu starfi en það var frekar litið úrval af efnivið. Héldum oft myndasýningar fyrir framan deildina og börnunum fannst þetta mjög skemmtilegt. Starfsfólk sammála um gildi sýningar sem gera starfið sýnilegt og sýna foreldrum framfarir barna þeirra. Fram kom að það væri gott að nota möguleika sköpunar í tengslum við ólíkar kennsluaðferðir með það í huga að mæta áhugasviði og ímyndunarafli barnanna. Starfsfólk er sammála um að það þarf að endurnýja og bæta við opnum efnivið.

Umbætur : **Nota skráningarblað fyrir listsköpun og passa upp á það að öll börn hafi fengið aðgang í listsköpun á listengi einu sinni í viku. Sá starfsmaður sem gerir verkefni með börnunum sér líka um frágang og myndasýningu.**

Safna verðlausum efnivið til listsköpunar.



Umbótaþættir Vesturengi	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð? Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Aðgengi barna í Listengi	Að börnin hafi aðgang að og kunni að nota áhöld og viðfangsefni til myndlistasköpunar.	Undirbúa svæði og efni til listsköpunar	Haust 2019	Deildarstjóri ber ábyrgð, allt starfsfólk deildar framkvæmir	Yfir veturinn. Á deildarfundum og í samveru einu sinni í mánuði	Börnin hafa áhrif og safna efni til listsköpunar. Ferilmöppur, skráningar á veggjum. Fundargerðum.
Sögugerð	Að börnin komi fram og segi sögur	Undirbúa svæði með efnum fyrir listræna tjáningu	veturinn 2019-20	Deildarstjóri ber ábyrgð, allt starfsfólk deildar framkvæmir	Allt skólaárið, skráningarblað. Ræða við börnin og þau meta þetta	Að 80% sýni vilja og áhuga að segja sögur
Sýnina á barnið	Að skráningar sýni styrkleika og áhugasvið barnanna	Að einblína að styrkleika og áhugasviði barnanna og skrá	veturinn 2019-20	Deildarstjóri ber ábyrgð, allt starfsfólk deildar framkvæmir	Allt skólaárið, skráningarblað. Ræða við börnin og þau meta þetta	80 % barna þekki sína styrkleika
Aðgengi að læsishvetjandi efnivið	Vera með vinnustofu með áherslu á stafi og tákn	Útbúa vinnustofu á deildinni	Haust 2019	Deildarstjóri ber ábyrgð, allt starfsfólk deildar framkvæmir.	Allt árið, Skráningarblað, ljósmyndir af börnum. Börnin meta þetta, skrá athugasemdir þeirra	80 %
Val um útiveru	Börnin velja hvenær þau vilja fara í útiveru yfir daginn	Aðlagga dagskipulagið og búa til skráningarblað fyrir útiveruna	Veturinn 2019-20	Deildarstjóri ber ábyrgð, allt starfsfólk deildarframkvæmir	Allt skólaárið, skráningarblað	80 %



2.2 Innra mat Norðurengi

Hvað var metið: Orðaspjall

Hvenær: Veturinn 2018-19

Hvernig var metið: Á deildarfundum, ígrundunarhópum barna og foreldrafundum.

Hverjir tóku þátt í matinu: Börn, foreldrar og starfsfólk deildar.

Helstu niðurstöður: Börnunum þykir gaman að finna ný orð í Orðaskjóðuna. Sum börn hafa komið með ný orð að heiman og vilja að þau orð fari í skjóðuna. Starfsfólk tók eftir að börnin notuðu stundum nýju orðin í daglegu tali og þekkja þau ef þau koma aftur fyrir í sögustund. Foreldrar hafa líst ánægju sinni með orðaspjallið.

Umbætur: **Að starfsfólk noti orðaspjalls-orðin meira í daglegu starfi.**

Hvað var metið: Sögustund með brúðum.

Hvenær: Veturinn 2018-19

Hvernig var metið: Á deildarfundum og ígrundunarhópum barna.

Hverjir tóku þátt í matinu: Börn og starfsfólk deildar.

Helstu niðurstöður: Börnunum þótti gaman að heyra sömu sögurnar aftur og aftur. Starfsfólk talaði um að börnin virtust skilja sögurnar vel þegar brúðurnar væru notaðar.

Umbætur: **Leyfa börnunum að segja sjálf sögur með brúðum.**

Hvað var metið: list

Hvenær: Veturinn 2018-19

Hvernig var metið: Á deildarfundum og ígrundunarhópum barna.

Hverjir tóku þátt í matinu: Börn og starfsfólk deildar.

Helstu niðurstöður: Börnin töluðu um að það væri gaman að fara í myndlist sem var yfirleitt á listengi. Þau töluðu líka mörg um það að þau vildu fara oftar í myndlist. Starfsfólk var sammála um það að þessar stundir hefðu gengið vel. Sum börnin hafa mikinn áhuga á myndlist svo það þyrfti að vera betri aðstaða á deildinni til að börnin gætu farið í myndlist þegar þau vilja.

Umbætur: **Gera aðstöðu á deild betri og ríkari af opnum efnivið og hafa opnara aðgengi að listengi.**

Hvað var metið: Gleði

Hvenær: Veturinn 2018-19

Hvernig var metið: Börn og starfsfólk deildar.

Hverjir tóku þátt í matinu: Á deildarfundum og ígrundunarhópum barna.

Helstu niðurstöður: Börnunum þykja þemadagar skemmtilegir (t.d. vasaljósadagur, leikfangadagur og rugldagur) en þau vilja hafa leikfangadag oftar. Starfsmenn töluðu um að vinafundur væri finn núna því það er alltaf farið eftir sama planinu. Stuttir fundir sem henta yngstu börnunum en samt áhugaverðir fyrir öll börn leikskólans.

Umbætur: **Spyrja börnin hvað við getum gert skemmtilegt saman í leikskólanum. Notað þessar hugmyndir þegar ákvörðun er tekin um þemadaga og þegar starf leikskólans er skipulagt.**

Hvað var metið: Að styrkja og efla heilsu barnanna

Hvenær: Veturinn 2018-19

Hvernig var metið: Á deildarfundum og ígrundunarhópum barna.

Hverjir tóku þátt í matinu: Börn og starfsfólk deildar.

Helstu niðurstöður: Börnin töluðu um að gönguferðir og ferðir í bókasafnið væru með því skemmtilegasta sem þau gerðu í leikskólanum. Börn og starfsfólk var sammála um það að við þurfum að fara oftar í gönguferðir. Starfsfólk benti á að við gætum safnað hlutum úr umhverfi leikskólans og notað þá í list eða til að ræða um þegar komið er aftur leikskólann.

Umbætur: **Nota þriðjudaga til gönguferða og safna hlutum (t.d. steinum og laufum) til að vinna með í leikskólanum.**



Umbótaþættir Norðurengi	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð? Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnih ópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Aðgengi að efnivið	Fjölbreyttur og opin efniviður er aðgengilegur/sý nilegur fyrir öll börn, s.s. litir, blöð, kubbar, endurnýtanlegu r efniviður, verkfæri, náttúrulegur efniviður.	1x í viku Bæta aðgengi að áhöldum og efnivið	Haustið 2019-20	Deildarstjóri ber ábyrgð, allt starfsfólk deildar framkvæmir	Allt skólaárið Á deildar- fundum einu sinni í mánuði. Spyrja börnin	Að 80% barnanna segjast fá að gera það sem þau vilja og á eigin forsendum
Sögugerð	Börn eru hvött til og fá tækifæri til að tjá sig í hópi.	Nota sögustund 1- 2x í viku	Haustið 2019-20	Deildarstjóri ber ábyrgð, allt starfsfólk deildar framkvæmir	Allt skólaárið, Skráningarbl að	80% barna koma fram og tjá sig fyrir framan aðra
Val um útiveru	Börn hafi val um hvenær þau fara í útiveru yfir daginn.	Þjóða upp á útiveru 2-3x yfir daginn og þau velja hvenær þau fara út	Veturinn 2019-20	Deildarstjóri ber ábyrgð, allt starfsfólk deildar framkvæmir	Allt skólaárið, Skráningarbl að Spyrja börnin	80%
Sýnin á barnið	Að gera styrkleika barnanna sýnilega fyrir börn, foreldra og starfsfólk	Að einblína á styrkleika og áhugasvið barnanna og skrá þá. Gera sýnilegt fyrir börnin á veggjum og í ferilmöppum	Veturinn 2019-20	Deildarstjóri ber ábyrgð, allt starfsfólk deildar framkvæmir	Allt skólaárið, Skoða skráningar á deildarfundu m	Ein skráning á hvert barn í ferilmöppu sem lýsir styrkleikum barnsins
Vináttufærni	Blær: innleiða nuddstund og opnar spurningar um vináttu 1x í viku	Vinastund 1x í viku. Nuddstund 1x í viku	Veturinn 2019-20	Deildarstjóri ber ábyrgð, allt starfsfólk deildar framkvæmir. Börnin meta þetta	Allt skólaárið Skráningarbl að spyrja börnin	80% ánægja há börnunum



2.3 Innra mat Austurengi

Hvað var metið: Málörvun – „Orðaspjall“

Hvenær var metið: Nóvember 2018 og aftur í janúar 2019

Hvernig var metið: Stuðst við skráningarblað um tíðni Orðaspjalls

Hverjir tóku þátt í matinu: Deildarstjóri

Helstu niðurstöður: Það gekk ekki vel að innleiða „Orðaspjall“.

Umbætur: **Deildarstjóri ætlar að kynna sér frekar „Orðaspjall“ og innleiða það á deildinni.**

Hvað var metið: Málörvun – „Sögustund með brúðum“

Hvenær var metið: Yfir veturinn

Hvernig var metið: Stuðst við skráningarblað um tíðni sögustunda og viðtöl við börnin.

Hverjir tóku þátt í matinu: Deildarstjóri

Helstu niðurstöður: Börnunum var skipt í tvo hópa. Annar hópurinn fékk oftar „Sögustund með brúðum“ eins og kemur fram á skráningarblaði. Börnin sögðu að það væri gaman í „Sögustundum með brúðum“.

Umbætur: **Auka framboð mismunandi ævintýra með brúðum og skapa betri aðstæður fyrir ævintýraheima barnanna þar sem þeir geta staðið lengur tilbúnir í áframhaldandi leik.**

Hvað var metið: Sköpun

Hvenær var metið: Reglulega yfir veturinn

Hvernig var metið: Með því að skoða afrakstur myndsköpun barnanna

Hverjir tóku þátt í matinu: Starfsmenn deildarinnar

Helstu niðurstöður: Börnin höfðu alltaf aðgang að efnivið í teiknun og litun. Þeim var einnig boðið upp á að klippa, líma og ýmislegt annað föndur. Afrakstur þeirrar sköpunar má sjá á veggjum leikskólans og í ferilmöppum barnanna.

Umbætur: **Ætlunin er að vinna eftir hugmyndum leikskólans Reflections í Englandi sem við heimsóttum í vor. Það verða útbúnar „vinnustöðvar/flæðistöðvar“ með mismunandi þema í herbergjum leikskólans.**

Hvað var metið: Gleði

Hvenær var metið: Allan veturinn

Hvernig var metið: Skoðuð og metin líðan barnanna, skráningar, dagskrá vetrarins, foreldraviðtölum og óformleg viðtöl við börnin.

Hverjir tóku þátt í matinu: Starfsmenn, börn deildarinnar og foreldrar þeirra

Helstu niðurstöður: Börnin tengdust vel og urðu vinir. Foreldrar töluðu um það í foreldraviðtölum að börn þeirra væru ánægð í leikskólanum. Ánægja barnanna kemur einnig fram í viðtölum við þau og í skráningum í ferilmöppum þeirra. Margar upptökur voru í leikskólanum í vetur til að efla gleði, eins og vinafundir, böll, íþróttadagar og foreldrakaffi.

Umbætur: **Það er stefnan að auka gleði barnanna enn frekar og leggja áherslu á sjálfsefningu, vellíðan og virðingu. Börnin fá meira val, t.d. hvenær þau fara út yfir daginn. Meiri metnaður verður lagður í „flæði“ og „flæðistöðvar“ leikskólans.**



Umbótaþættir Austurengi	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð? Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnih ópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Vináttufærni	Nota „Vináttuverkefnið Blæ“	Deildarstjóri fer á námskeið. Vinastundir einu sinni í viku eftir það.	Haust 2019	Deildarstjóri	Allt skólaárið skráningarbl að	80%
Aðgengi að textílvinnu	Að eldri börn leikskólans geti valið í „flæði“ á morgnanna að vinna með textíl á Austurengi	Að útbúa vinnustofu (atelier) í innri stofu með áherslu á textíl. Þjóða upp á vinnu við textíl í „flæði“	veturinn 2019-20	Deildarstjóri	Allt skólaárið skráningarbl að „Flæðis“	80%
Val um útiveru	Að börnin geti valið hvenær þau fari út yfir daginn þegar við á	Skoða dag-skipulagið og breyta því í samræmi við breyttar áherslur leikskólans. Útbúa skráningarbl að	veturinn 2019-20	Deildarstjóri ber ábyrgð, allt starfsfólk deildar framkvæmir	Allt skólaárið skráningarbl að	80%
Sýnin á barnið	Að skráningar sýni styrkleika barnanna	Að einblína á styrkleika barnanna og skrá	Haust 2019	Deildarstjóri ber ábyrgð, allt starfsfólk deildar framkvæmir	Allt skólaárið. Skoða skráningar	80% af öllum skráningum
Læsi	Efla orðaforða	Nota „Orðaspjall“ einu sinni í viku	Veturinn 2019-20	Deildarstjóri ber ábyrgð, allt starfsfólk deildar framkvæmir	Allt skólaárið skráningarbl að	80%



2.4 Innra mat Suðurengi

Hvað var metið ? **Aðlögun**

Hvenær var metið? október 2018

Hvernig var metið? Foreldrasamtöl með deildarstjóra.

Hverjir tóku þátt í matinu? Deildarstjóri og foreldrar.

Helstu niðurstöður: Foreldrar almennt ánægðir með þátttökuaðlögun, svo það var ákveðið að halda áfram með hana.

Umbætur: **Ákveðið var að bjóða öllum nýjum foreldrum sem byrja í haust í heimsókn strax í júní. Heilsa upp á okkur starfsfólkið, skoða deildina og leikskólann í heild sinni. Fara yfir grundvallaratriði og aðlögunarferlið og svara spurningum foreldra.**

Hvað var metið: **Foreldrasamstarf.**

Hvenær var metið: okt'18

Hvernig var metið: á fundum.

Hverjir tóku þátt í matinu: Deildarstjóri og leikskólastjóri.

Helstu niðurstöður: Efla foreldrasamstarfið sem byrjar strax í júní með heimsókn þeirra til okkar.

Umbætur: **Þar sem sum börnin sem koma inn til okkar í haust eru mun yngri en áður var(ungbarnadeild) ætlum við að skipta þeim niður í fámenna hópa þar sem hver starfsmaður ber ábyrgð á sínum hóp og sinnir þ.a.l. foreldrum betur. Auka umhyggju fyrir bæði foreldrum og börnum.**

Hvað var metið: **Námsumhverfi**

Hvenær: okt'18

Hvernig var það metið: Með skráningum að leik barnanna.

Hverjir tóku þátt í matinu: Starfsfólk deildarinnar og börn

Helstu niðurstöður: Bjóða oftari upp á meira sull og sand.

Umbætur: **Skipuleggja deildina þannig að hún geri ráð fyrir ólíkum viðfangsefnum barnanna (vinnuþássi starfsfólks og barna)**



Umbótaþættir Suðurengi	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð? Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnih ópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Borðhald	Að börnin borði sjálf eftir aldri og getu.	Öll börn fái tækifæri til að borða sjálf.	Haust 2019	Deildarstjóri ber ábyrgð og allt starfsfólk framkvæmir	01. des Listi	100% barnanna sýni vilja til að borða sjálf.
Flæði	Verkefni í „flæði“ höfði til fjölbreytts áhugasviðs barnanna.	Starfsfólkið finni viðfangsefni við hæfi allra.	veturinn 2019-20	Deildarstjóri ber ábyrgð og allt starfsfólk framkvæmir	Á deildarfundum, á „flæðisblaði“ skráningar og ferilmöppur.	Til séu skráningar sem sýna styrkleika og áhugasvið allra barna.
Læsi	Efla orðaforðann.	„Sögustund með brúðum“ einu sinni í viku.	veturinn 2019-20	Deildarstjóri ber ábyrgð og allt starfsfólk framkvæmir	Allt skólaárið Skráningarbl að	80%
Efniviður og leikefni	Innleiða Könnunarleikinn	Safna efnivið og hafa hann einu sinni í viku.	Veturinn 2019-2020	Deildarstjóri ber ábyrgð og allt starfsfólk framkvæmir	Allt skólaárið, Skráningarbl að	80%
Vináttufærni	Innleiða „Vináttuverkefni ð Blæ“	Deildarstjóri fer á námskeið og Vinastundir einu sinni í viku eftir það	Haust 2019	Deildarstjóri	Allt skólaárið, Skráningarbl að	80%



3. Ytra mat 3.1 Foreldrakönnun

Foreldrakönnun var gerð af Skóla – og frístundasviði á vormánuðum 2019. Í úrtaki fyrir Engjaborg voru 55 foreldrar og svarhlutfall var 74,5%.

Helstu niðurstöður sýna að foreldrar upplifa að þeir fái ekki tækifæri til að taka þátt í að meta framfarir barnsins, taka þátt í leikskólastarfinu né að leitað sé til þeirra eftir tillögum og hugmyndum fyrir leikskólastarfið.

Öll svörin eru lægri að meðaltali hjá foreldrum stráka en foreldrum stelpna. Svör foreldra stelpa eru í öllum tilfellum við eða rétt yfir meðaltali í Reykjavík en stráka eru alltaf undir.

Umbótapættir Ytra mat	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð? Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnih ópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Samskipti við foreldra og þátttöku þeirra	Að bæta samskipti við foreldra og auka þátttöku foreldra í leikskólastarfinu	Starfsfólk, börn og foreldrar búi til sameiginlega n samskiptasát tmála.	Hefst: okt 2019 Lokið: maí 2020	Leikskólastjóri	Næsta foreldrakönn un	„Foreldrar og starfið“ sé við meðaltal. „Upplifun af leikskólanum “ sé við meðaltal.
Jafnrétti	Að foreldrar stráka verði jafn ánægðir með Engjaborg og foreldrar stelpna.	Fundnar verða leiðir í samstarfi við Jafnréttisskól ann ásamt því að unnið verður með sýn og viðhorf starfsfólks til barna.	Hefst: sept 2019 Lokið: maí 2020	Stjórnendateym i Engjaborgar	Næsta foreldrakönn un	Að svör foreldra stráka verði jöfn svörum foreldra stelpna.



3.2 Starfsmannakönnun

Starfsmannakönnun var gerð í janúar – febrúar af Reykjavíkurborg.

Helstu niðurstöður eru meðalskor allra þátta var 4,24 en það er rétt fyrir ofan meðaltal hjá starfsfólki Skóla – og frístundasviði.

Þegar spurt er um frelsi til að taka sjálfstæðar ákvarðanir eru meðalskor 3,77 en þegar spurt er hvort starfsfólk sé hvatt til að sýna frumkvæði er skorðið 4.14. Þegar spurt var um hvort starfsfólk hafi haft tækifæri til að sækja námskeið á síðustu 12 mánuðum var meðalskor 3,85.

Þegar spurt er um vinnuálag er meðalskorið 3,78 en í Reykjavík er það 3,56 og hjá Skóla – og frístundasviði 3.54.

Umbótaþættir Ytra mat	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmu m við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð? Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Stefna og uppeldisáherslu r	Að stefna Engjaborgar verði skýr og aðgengileg öllu starfsfólki þannig að starfsfólk geti tekið ákvarðanir í samræmi við stefnu leikskólans	Fræðsla, samræður starfsfólks og endurskoðun á „Skólanámskr rá Engjaborgar“ Ný gildi verða skilgreind frekar	Allt leikskólaárið	Stjórnendateym i Engjaborgar	Fundagerðir, niðurstöður samræðna, Skólanámskr á Engjaborgar, og skilgreiningar á gildum. Starfsmanna könnun	Starfsfólk telji sig þekka Skólanámskr ánna og gildi Engjaborgar. Fræðsla og þjálfun 4,2 Markmið og árangur 4,7
Álag í vinnu	Að starfsfólk upplifi að það hafi stjórn á álag í starfi.	Farið verður yfir dagskipulagi ð og skoðaðir álagsþættir í starfinu.	Allt leikskólaárið	Stjórnendateym i Engjaborgar	Starfsmanna könnun	Hæfilegt vinnuálag 3,90



4. Starfsþróun og símenntun

Stjórnteymisfundir eru einu sinni í viku þar fer fram stefnumótun og skipulagning starfsins.

Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri og sérkennslustjóri hittast einu sinni í viku, þar eru málefni leikskólans rædd og þeir skipta með sér verkum.

Deildarfundir eru aðra hverja viku þar eru málefni deilda rædd og þar fer fram skipulagning á starfi hennar.

Leikskólastjóri og hver og einn deildarstjóri eru með samtali 1x í mánuði þar sem málefni deilda eru rædd, deildarstjórar koma með málefni.

Deildarstjórar eru með starfsmannasamtöl 1x á önn og aukalega þegar þurfa þykir, deildarstjóri og starfsmaður geta báðir beðið um auka samtali.

Starfsþróunarsamtöl eru í mars/apríl og er það leikskólastjóri sem tekur þau.

Starfsþróun og símenntun næsta leikskólaárs snýr að grunngildum í leikskólastarfi og samskiptum.

Deildarstjórar yngri deilda fara á námskeið um „Vináttuverkefnið Blær“.

5. Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Samstarf Vættaskóla, Brosbæjar og Engjaborgar miðar að því að auðvelda börnunum flutning af einu skólastigi yfir á annað. Elstu börnin í leikskólanum Engjaborg eru flest væntanlegir nemendur Vættaskóla og því mikilvægt að þau fái tækifæri til að kynna starfinu í grunnskólanum og aðstæðum hjá frístund. Einnig er það skemmtilegt fyrir yngstu nemendur grunnskólans að fá það hlutverk, að taka á móti væntanlegum samnemendum.

Samstarf skólastiganna snýr einnig að samstarfi starfsfólks/kennara skólanna. Styrkurinn felst í að við öðlumst þekkingu á störfum hvers annars, getum miðlað okkar á milli og lært hvert af öðru.



Samstarf 2018 – 2019 Vættaskóli Engi – Engjaborg - Brosbær

Dagsetning og tími 2018	Viðburðir	Staðsetning	Ábyrgð
16. júní kl. 9.00	Farið yfir niðurstöður úr Hljóm-2 og umsögn með hverju barni.	Engi	Kennarar beggja skólastiga og forstöðumenn í frístund
11. sept. kl. 14.00	Fundur kennara leik- og grunnskóla. Farið yfir áætlun og samstarf skólastiganna.	Engi bókasafn	Kennarar beggja skólastiga og stjórnendur.
11. okt. kl. 8.30-9.40	Stafainnlögn, nesti. Leikskólabörn í tveimur hópum fara í kennslustund hjá 1. bekk.	Engi stofa 11 og 12	Umsjónarkennarar1. bekkjar sjá um skipulag heimsóknarinnar.
16. nóv. kl. 10.00	7. bekkur í Borgum les fyrir leikskólabörnin í Hulduheimum og 5. bekkur í Engjum les fyrir börnin í Engjaborg í tilefni af degi íslenskrar tungu. Nokkur börn mæta í einu.	Engjaborg	Stjórnendur og umsjónarkennara í 7. og 5. bekk.
10. nóv. kl. 10.00	Fyrsti bekkur heimsækir leikskólann	Engjaborg	Deildarstjórar elstu barna sjá um skipulag heimsóknarinnar.
21. nóv. kl. 9.00-10.00	Heimsókn elstu barna leikskólanna í skólann. Stjórnendur taka á móti þeim og sýna skólann. Hittast niðri við salinn.	Engi	Stjórnendur, Vættaskóla hafa samband við leikskólana
12. des. kl. 9.00	Nemendur fyrsta bekkjar og leikskólabörnin hittast í Vættaskóla. Jólalögin sungin. Heitt súkkulaði í boði grunnskólans og piparkökur í boði leikskólanna.	Engi	Kennarar beggja skólastiga.
14. des. kl. 9.00	Börnin í 5. bekk lesa upp jólakveðjur í leikskólunum frá grunnskólabörnunum í Vættaskóla.	Engjaborg	5. bekkja kennari í samráði við deildarstjóra elstu barna.
28. nóv. kl. 10.00-11.00	Kynning á starfi og reglum.	Brosbær	Deildarstjórar elstu barna og forstöðumenn frístundaheimilanna.
17. jan. kl. 12:15-13:30	Leikskólabörn koma í heimsókn í skólann og nemendur hafa það gaman saman	Engi	Kennarar beggja skólastiga.



Skipulagt af fagstjóra grunnskólans	Leikskólabörnum boðið í íþróttir, smíði, heimilisfræði, textílmennt og myndmennt í bekk Vættaskóla. Börnin fara í hópum. Ákveðið þegar nær dregur.	Engi	Kennarar beggja skólastiga.
24. apríl kl. 8:30-9:40	Stafainnlögn, nesti. Leikskólabörn í tveimur hópum fara í kennslustund hjá 1. bekk	Engi stofa 11 og 12	Umsjónarkennarar 1. bekkjar sjá um skipulag heimsóknarinnar.
14.mái Kl 15:00	Vorskólaheimsóknir elstu barna og foreldra í Vættaskóla á vegum grunnskólans. <u>Foreldrar fara með sínu barni</u>	Engi	Skólastjórnendur grunnskóla
Mái	Æfingar elstu barna leikskólans fyrir útskrift/kveðjustund fara fram í Vættaskóla	Engi	Deildarstjórar sjá um að bóka sali hjá skrifstofustjórum grunnskólans.
15. maí kl. 9:00	Elstu börn Engjaborgar bjóða 1. bekk á generalprufu útskriftar/kveðjustundar.	Engi	Deildarstjóri sér um að bóka sal hjá Ásu
29. maí kl. 17:30	Útskrift/kveðjustund. Elstu börn leikskólans bjóða foreldrum og gestum í sal Vættaskóla- Engi Söngur og fleira skemmtilegt. Eftir það er komið saman á Engjaborg notið veitinga og spjallað.	Engi og Engjaborg	Deildarstjóri sér um að bóka sal hjá Ásu
13. mars kl. 13:00-14:00 (óstaðfest) 8. maí kl. 14:00-15:00	Tvær heimsóknir í Brosbæ. Fyrri heimsókn, kynning á starfi og reglum. Seinni heimsókn, þátttaka í starfi frístundaheimilanna.	Brosbær	Deildarstjórar elstu barna og forstöðumenn frístundaheimilanna
18.júní Kl. 10:00	Farið yfir síðustu samstarfsáætlun og drög unnin að næstu áætlun.	Borgir	Stjórnendur beggja skólastiga. Deildarstjórar



6. Foreldrasamvinna

Foreldrasamtöl eru tvisvar á ári, í kringum afmælisdag barnsins og sex mánuðum seinna, auk þess geta foreldrar alltaf beið deildarstjóra, sérkennslustjóra og leikskólastjóra um samtal.

Foreldrum er boðið að taka þátt í viðburðum eins og strákakaffi, stelpukaffi og sumarhátíð.

Starfandi er foreldrafélag sem styður við starf leikskólans og sér um ýmsa viðburði.

Kosið er í foreldraráð í upphafi leikskólaársins, leikskólastjóri starfar með foreldraráðinu.

Foreldraráðið gefur umsagnir um áætlanir leikskólans og fylgist með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans. Foreldraráðið hefur einnig umsagnarrétt um allar meiriháttar breytingar innan leikskólans.

7. Skipulagsdagar og leikskóladagatal

2. október – **Sýnin á barnið og grunngildi leikskólastarfs.** Sameiginlegur dagur í Grafarvogi

15. nóvember – **Kynning á Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna**

6. desember – **Flæði og heimsókn á Rauðhól.**

7. febrúar – **Samskiptasáttmáli.** Sameiginlegur dagur í Grafarvogi

13. mars – **Skyndihjálpi**

11. maí – Sameiginlegur dagur í Grafarvogi

8. Fylgigögn

- a. Fylgiskjal 1 - Samantekt um sérkennslu/stuðning
- b. Fylgiskjal 2 - Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku.
- c. Fylgiskjal 3 - Matsáætlun 2019 -2020
- d. Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs

F. h. leikskólans

Pála Pálsdóttir
Leikskólastjóri

1. júlí 2019
Dagsetning



Fylgiskjal 1

Samantekt um sérkennslu/stuðning

Vísbending	Já eða nei/fjöldi	Ef nei, þarf að koma tímasetning um áætlun á innleiðingu hér.
Hversu mörg börn í 1. flokki njóta sérkennslu/stuðnings í leikskólanum?	1	
Hversu mörg börn í 2. flokki njóta sérkennslu/stuðnings í leikskólanum	2	
Hversu mörg börn njóta sérkennslu/stuðnings í leikskólanum frá sérkennslustjóra (önnur en börn í 1. og 2. flokki)	10	
Hve margir sinna sérkennslu/stuðningi í leikskólanum?	3	
Er til áætlun um málörvun í leikskólanum?	Nei	Vorönn 2020
Er til áætlun um snemmtæka íhlutun í leikskólanum?	Já	
Eru gerðar einstaklingsnámskrár í samvinnu við hagsmunaaðila (foreldrar, börn og starfsfólk)	Nei	Haustönn 2020
Eru einstaklingsnámskrár í virkri notkun?	Nei	Haustönn 2019-2020
Þekkir starfsfólk deildarinnar þær áherslur sem verið er að vinna með hverju sinni fyrir börn með stuðning?	Já	
Eru regluleglulegir teymisfundir með foreldrum/forráðamönnum og öðrum sérfræðingum sem að barninu koma?	Já	
Er veitt ráðgjöf og stuðningur til foreldra?	Já	
Er samstarf við þjónustumiðstöð og aðrar stofnanir?	Já	Miðgarð og Greiningarstöð
Er samvinna milli sérkennslustjóra og starfsmanna leikskólans?	Já	
Veitir sérkennslustjóri fræðslu, ráðgjöf og stuðning til starfsmanna?	Já	

Niðurstöður innra mats:

Ekki er til áætlun um málörvun í leikskóla og ekki hefur verið unnið markvisst með einstaklingsnámskrár.

Talmeinafræðingur frá Miðgarði kom í sex vikna lotu og vissum við ekki af henni og voru því ekki undirbúnar.

Gerð var ný áætlun um snemmtækja íhlutun sem ekki hefur kynnt fyrir starfsfólk.

Sumt starfsfólk er óöruggt og veit ekki hvernig það á að bregðast við óviðeigandi hegðun.



Umbótaþættir Sérkennsla	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópu r, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Talmeinafræðin gur	Að aðkoma talmeinafræðin gs verði markviss og vel undirbúin	Fengnar verða upplýsingar frá Miðgarði um það tímabil sem talmeinafræ ðingur er í Engjaborg og þeir dagar undirbúnir	Í upphafi leikskólaárs og er á meðan talmeinafræ ðingurinn er í Engjaborg	Sérkennslustjóri	Skráningarlis ti um hvað talmeinafræ ðingurinn á að gera.	100% unnið eftir plani
Snemmtæk íhlutun	Að allt starfsfólk þekki „áætlun um snemmtæka íhlutun“	Sérkennslustj óri kynnir á starfsdegi	2. október	Sérkennslustjóri	Skráningarlis ti	100%
Snemmtæk íhlutun	Að innleiða „áætlun um snemmtæka íhlutun“	Deildarstjóra r innleiði á sinni deild.	Haut 2019	Sérkennslustjóri og deildarstjórar	Skráningarlis tar	100%
Samskipti barna og starfsfólks	Að allt starfsfólk sé öruggt í samskiptum við öll börn	Búin verður til „samskipta stefna“ og innleidd	Leikskólaárið 2019-2020	Sérkennslustjóri	Stefnan verður tilbúin Og allir starfsmenn þekkja hana	100%
Læsisáætlun	Að til verði áætlun um málörvun í leikskóla	Gerð verður áætlun um málörvun í leikskóla	Vorönn 2020	Stjórnendateym i leikskólans	Áætlunin verði tilbúin	100%
Einstaklingsnám skrá	Að unnið sé eftir einstaklingsnám skrár þeirra barna sem njóta sérstuðnings	Gerð verði einstaklingsn ámskrá með þau áherslu atriði sem unnið er eftir	Hautönn 2019	Sérkennslustjóri og deildarstjóri barnsins	Gátlistar	80%



Fylgiskjal 2

Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku.

Vísbending	Já eða nei	Hvernig?/Með hvaða aðferðum?/Dæmi
Vinna með íslensku sem annað mál og virkt tvítyngi	Já	Samskiptaorðabækur
Er markviss vinna með daglegan orðaforða? (grunnorðaforða)	Já	Samskiptaorðabækur, samverustundir
Er markvisst verið að dýpka orðaforða barnanna?	Já	Orðaspjall
Er fylgst með framförum barnanna?	Já (sumra)	„Einn leikskóli mörg tungumál“ og „Efi2“ þegar þurfa þykir að mati deildarstjóra og sérkennslustjóra.
Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna? <ul style="list-style-type: none">• Orðaforði og málskilningur• Tjáning og frásögn• Hlustun og hljóðkerfisvitund• Ritmál• Félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar, löngun	Já	

Niðurstöður innra mats

Unnið er með börnum sem eru að læra mörg tungumál, en gera þarf áætlun um málörvun í leikskóla þar sem áherslu atriði þessarar vinnu koma fram.

Huga þarf betur að félagslegri aðlögun fjölskyldna og jafnastöðu þeirra í leikskólastarfinu.



Umbótaþættir Annað móðurm. en íslenska	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmu m við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Félagslegt jafnrétti	Jafna félagslega stöðu barna	Sjá til þess að allir fái sömu upplýsingar og skilji þær.	Allt leikskólaárið	Deildarstjórar	Gátlistar	100%



Matsáætlun 2019-2020

Innra mat snýst um að leikskólasamfélagið læri saman, hampi því sem vel er gert og vinni saman að umbótum. Við viljum vita hversu vel stöndum við okkur? Hvernig vitum við það? Hverjir eru okkar styrkleikar og hvaða þætti þurfum við að bæta? Hvað þurfum við að gera til að verða enn betri?

Viðfangsefni	Markmið	Viðmið um árangur	Gagnaöflun	Tímarammi	Ábyrgðaraðili
Flæði	Að boðið sé upp á fjölbreytt viðfangsefni sem eru krefjandi og tekur mið af færni hvers barns. Að börnunum finnist skemmtilegt í flæði.	Að allar vísbendingar bendi til að börnin fái að velja hvað þau gera í flæði og finnist það áhugavert.	Teknar myndir af flæðisspjaldi einu sinni í viku Ígrundunarhópar barna 1x í mánuði Flæðisblað starfsfólks.	September - desember	Deildarstjórar og matsteymi

Viðfangsefni	Markmið	Viðmið um árangur	Gagnaöflun	Tímarammi	Ábyrgðaraðili
Fataherbergi	Að börnin séu hvött til sjálfshjálpar, til að klæða sig og ganga frá eftir sig sjálf.	80%	Gátlistar	September - desember	Matsteymi

Viðfangsefni	Markmið	Viðmið um árangur	Gagnaöflun	Tímarammi	Ábyrgðaraðili
Jafna félagslega stöðu barna	Að allir foreldrar fái sömu upplýsingar og skilji þær.	100%	Gátlistar	September - apríl	Deildarstjórar

Viðfangsefni	Markmið	Viðmið um árangur	Gagnaöflun	Tímarammi	Ábyrgðaraðili
Dagskipulagið	Að dagskipulagið veiti svigrúm og mæti þörfum allra barna.	Að starfsfólk þekki hlutverk sitt innan dagskipulagsins	Viðtöl við börn Deildarfundir Ígrundunarhópur starfsfólks	Janúar – apríl	Deildarstjórar og matsteymi



Fylgiskjal 4

Starfsáætlun 2019 – 2020
Engjaborg

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

Anna Ágústsdóttir

Eva Rós Ólafsdóttir

Valdís María Einarsdóttir



Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.



Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.



Umsögn foreldraráðs:

Foreldraráð leikskólans Engjaborg hefur farið yfir starfsáætlun Engjaborgar 2019-2020 og finnst hún vera raunhæf og í samræmi við störf síðasta árs.

Við í foreldraráði erum mjög sátt við starf leikskólans og þá stefnu sem er verið að byggja upp. Foreldraráð hefur átt mjög gott samstarf með leikskólanum og jafnframt lýsir yfir ánægju sinni á nýjum gildum Velliðan - Virði- Sköpun - sem eru algjörlega í takt við starf leikskólans.

Foreldraráði langar að draga nokkra punkta fram er koma fram í starfsáætluninni sem við teljum mikilvæga fyrir komandi starfsár, þá hafa skoðunarkannanir fyrir starfsmenn og foreldra verið góður vettvangur til að draga fram hvað má bæta, hvað er vel gert en einnig eflir það samvinnu heimilis og skóla. Okkur þykir gott að sjá að strax séu komnar áætlanir um úrbætur þar sem við á.

Foreldraráði langar að lýsa ánægju sinni á þeirri áætlun sem snýr að því að auka öryggi starfsmanna í samskiptum við börnin, þá hvetur foreldraráðið leikskólann til að leggja áherslu á að efla unga og óreynda starfsmenn sína sérstaklega í handleiðslu ungra barna og kynna þeim eins og hægt er fyrir faglegum vinnubrögðum sem fást með því að læra Leikskólakennarafræði.

Einnig langar okkur að sýna ánægju með þá stefnu að leikskólinn ætli sér að hafa börnin með sér í ákvarðanatöku um eigið starf, til að þau upplifi sig sem hluti af starfinu sem þau eru óhjákvæmilega þátttakendur í. Það lýsir sér eins og skoðunarkönnun á þeirra forsendum.

Við viljum einnig hvetja leikskólann til að taka málörvun föstum og góðum tókum og finna sér leiðir til að láta það ganga upp í daglegu starfi á forsendum barnanna.

Foreldraráð er almennt ánægt með starfsáætlunina og hvetur leikskólann til að vinna áfram að sínum markmiðum af þeim krafti sem hann er að tileinka sér.

Að lokum vill foreldraráðið þakka fyrir samstarfið sem hefur verið ánægjulegt og gott.

Anna Ágústsdóttir

Eva Rós Ólafsdóttir

Valdís María Einarsdóttir





ÁGÚST	SEPT - Persónur/líkaminn	OKT - Náttúran/umhverfið	NÓV - Dýr	DES - Jól	JAN Ljós og skuggar	FEB - Tími/tölur/stærðir	MARS - Form/mynstur/litir	APRÍL - Afstöður	MAÍ - Andstæður	JÚNÍ - Tilfinningar	JÚLÍ
1 F	1 S	1 Þ	1 F	1 S	1 M	1 L	1 S	1 M	1 F	1 M	1 M
2 F	2 M	2 Þ	2 L	2 M	2 F	2 S	2 M	2 F	2 L	2 Þ	2 F
3 L	3 Þ	3 F	3 S	3 Þ	3 F	3 M	3 Þ	3 F	3 S	3 M	3 F
4 S	4 M	4 Þ	4 L	4 M	4 F	4 S	4 M	4 F	4 L	4 Þ	4 F
5 M	5 F	5 Þ	5 L	5 M	5 F	5 S	5 M	5 F	5 L	5 Þ	5 F
6 Þ	6 S	6 Þ	6 M	6 F	6 S	6 M	6 F	6 M	6 L	6 Þ	6 M
7 M	7 L	7 M	7 F	7 L	7 Þ	7 F	7 L	7 Þ	7 F	7 S	7 Þ
8 F	8 S	8 Þ	8 F	8 S	8 M	8 L	8 S	8 M	8 F	8 M	8 M
9 F	9 M	9 M	9 L	9 M	9 F	9 S	9 M	9 F	9 L	9 Þ	9 F
10 L	10 Þ	10 F	10 S	10 Þ	10 F	10 M	10 Þ	10 F	10 S	10 M	10 F
11 S	11 M	11 Þ	11 L	11 M	11 F	11 S	11 M	11 F	11 L	11 M	11 L
12 M	12 F	12 L	12 Þ	12 F	12 S	12 M	12 F	12 S	12 Þ	12 F	12 S
13 Þ	13 S	13 M	13 F	13 S	13 M	13 F	13 S	13 M	13 Þ	13 L	13 M
14 M	14 L	14 M	14 F	14 L	14 Þ	14 F	14 L	14 Þ	14 F	14 S	14 Þ
15 F	15 S	15 Þ	15 L	15 M	15 F	15 S	15 M	15 F	15 L	15 M	15 M
16 F	16 M	16 Þ	16 L	16 M	16 F	16 S	16 M	16 F	16 L	16 Þ	16 F
17 L	17 Þ	17 F	17 S	17 Þ	17 F	17 M	17 Þ	17 F	17 S	17 M	17 F
18 S	18 M	18 Þ	18 L	18 M	18 F	18 S	18 M	18 F	18 L	18 M	18 L
19 M	19 F	19 L	19 Þ	19 F	19 S	19 M	19 F	19 S	19 Þ	19 F	19 S
20 Þ	20 S	20 M	20 F	20 S	20 M	20 F	20 S	20 M	20 Þ	20 L	20 M
21 M	21 L	21 M	21 F	21 L	21 Þ	21 F	21 L	21 Þ	21 F	21 S	21 Þ
22 F	22 S	22 Þ	22 L	22 M	22 F	22 S	22 L	22 S	22 M	22 F	22 M
23 F	23 M	23 Þ	23 L	23 M	23 F	23 S	23 M	23 F	23 L	23 Þ	23 F
24 L	24 Þ	24 F	24 S	24 M	24 F	24 S	24 M	24 F	24 L	24 M	24 F
25 S	25 M	25 Þ	25 L	25 M	25 F	25 S	25 M	25 F	25 L	25 M	25 L
26 M	26 F	26 L	26 Þ	26 F	26 S	26 M	26 F	26 S	26 Þ	26 F	26 S
27 Þ	27 S	27 M	27 F	27 L	27 M	27 F	27 S	27 M	27 Þ	27 L	27 M
28 M	28 L	28 M	28 F	28 L	28 Þ	28 F	28 L	28 Þ	28 F	28 S	28 Þ
29 F	29 S	29 Þ	29 L	29 M	29 F	29 S	29 M	29 F	29 L	29 M	29 M
30 F	30 M	30 Þ	30 L	30 M	30 F	30 S	30 M	30 F	30 L	30 Þ	30 F
31 L		31 F		31 Þ	31 F		31 Þ		31 S		31 F